



## Alþýðusamband Íslands

### **44. Þing ASÍ samþykkir eftirfarandi tímabundin frávik og aðlögun á þingsköpum ASÍ**

1. Um aðgang af rafrænu þingi ASÍ fer með sama hætti og greint er í gr. 1.13 í þingsköpum, að teknu tilliti til þess að um rafrænan þingsal er að ræða.
2. Tryggja skal að á hverjum tíma geti þingforseti gengið úr skugga um hvaða þingfulltrúar séu viðstaddir þannig að atkvæðagreiðsla geti farið fram sbr. gr. 5.16.
3. Tillögur kjörbréfanefndar skv. gr. 1.4 skulu gerðar þingfulltrúum aðgengilegar á vefsvæði þingsins.
4. Þrátt fyrir ákvæði gr. 2.1 eru ekki kjörnir skrifarar úr hópi þingfulltrúa og gegna starfsmenn þingsins störfum þeirra.
5. Allstaðar þar sem í þingsköpum er fjallað um leynilegar atkvæðagreiðslur er átt við rafrænar atkvæðagreiðslur sem byggjast á rafrænum skilríkjum eða íslyklum og sem framframkvæmdar eru eftir því sem við á skv. reglugerð ASÍ um rafrænar atkvæðagreiðslur.
6. Talning rafrænna atkvæða fer fram undir eftirliti þingforseta eða þess sem hann til þess starfs skipar og taka þeir stöðu teljara.
7. Allstaðar þar sem í þingsköpum er fjallað um kröfur þingfulltrúa um leynilega atkvæðagreiðslu skal tillögu þar að lútandi skilað til þingforseta með rafrænum hætti (netpósti) á netfang hans. Tillagan skal tilgreina nöfn þeirra sem slíka tillögu styðja og skal þingforseti staðfesta stuðning þeirra með nafnakalli sé þess óskað.
8. Auk þess að hljóðrita til varðveislu allt talað orð skal varðveita öll rafræn samskipti og upplýsingar og gögn sem til verða við rafræna framkvæmd athafna.
9. Þingfulltrúar sem óska eftir því að taka til máls skulu beina ósk þar um til þingforseta skv. þeim reglum sem hann áveður.

10. Þrátt fyrir ákvæði gr. 5.2 skal einungis fara fram ein umræða um þær tillögur sem berast skv. 24.gr. og 50.gr laga ASÍ.
11. Allstaðar þar sem í þingsköpum þessum er krafist stuðnings tiltekins fjölda þingfulltrúa (breytingatillögur – framboð) skal tilgreina ásamt tillöguflytjanda eða framberanda, nöfn stuðningsmanna og skal þingforseti staðfesta stuðning þeirra með nafnakalli sé þess óskað.
12. Þar sem fjallað er um atkvæðagreiðslur með handauppréttingu skal þingforseti tryggja að allir þingfulltrúar geti með öruggum hætti sýnt þingforseta afstöðu sína og hann talið atkvæði þeirra.
13. Þrátt fyrir ákvæði 5.4. er miðstjórn heimilt að leggja fram undir liðnum önnur mál, tillögur að almennum ályktunum þingsins, sem gefa skal miðstjórn leiðbeiningu þau verkefni og málefni sem þingið leggur áherslu á að miðstjórn vinni að fram til framhaldsþings.

Gildistími þessara breytinga er til loka fyrri hluta 44. þings ASÍ.

*Þannig samþykkt í miðstjórn ASÍ 7.10 2020 sem tillaga til 44. þings ASÍ.*